



## **43. Umdæmisþing Ísland - Færeyjar Hafnarfjörður 13. – 15. september 2013**

### **Skýrsla formanns þingnefndar til Umdæmisstjórnarfundar 13. apríl 2013**

Umdæmisstjóri, ágætu embættismenn.

Þingnefndin hefur verið á fullu skriði frá síðustu skýrslu.

Allt á nú að vera klárt sem hægt er. Kjörbréfin fóru í póst fyrir páska og hefur nú þegar tvö skilað sér til baka.

Búið er að hanna þingfánann og erum við að leita tilboða – en það hefur þegar sýnt sig að ógerningur er að fá fána á því verði sem sett var í fjárhagsáætlun þingsins, en við reynum að vera eins nálægt upphæðinni og hægt er.

Öll herbergi á Hótel Hafnarfirði sem við tókum frá, eru bókuð, en samt sem áður er ennþá hægt að fá gistingu þar og yfir höfuð er enn hægt að fá gistingu á hótélum í Hafnarfirði.

Við erum að skoða allt í sambandi við makaferð, en eins og þið öll vitið er frekar erfitt að fara í makaferð þegar þing eru haldin á Höfuðborgarsvæðinu, því þar er í raun of mikil afþreying fyrir gesti utan af landi og erfitt hefur verið að fá maka okkar sem búsett eru á Höfuðborgarsvæðinu til að taka þátt. En við erum bjartsýn.

Enn er ekki komið endanlegt miðaverð á Galaball en mér er lofað að það verði klárt í næstu viku.

Með kiwaniskveðju

*Þyri Marta Baldursdóttir*

formaður þingnefndar